



Stjórn Úrvinnslusjóðs

353. stjórnarfundur, mánudaginn 18. desember 2023 - kl. 14.45 – 16:45

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

- A. Til kynningar:**
 - 1. Staða einstakra sjóða
 - 2. Áhættugreining – staða
 - B. Til samþykktar:**
 - 3. Ársreikningur og starfsskýrsla 2022
- Kaffihlé
- 4. Stefnumótun – vinnufundur stjórnar
 - 5. Olíusamningur
 - 6. Erindi frá PNR
 - 7. Meðhöndlun ökutækja
- C. Fundargerð lögð fram til samþykktar**

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG)
Líf Magneudóttir (LM)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Daníel Gunnarsson (DG)
Guðlaugur Gylfi Sverrisson (GGS)
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn samþykkir ársreikning og ársskýrslu.
- Stjórn samþykkir dagskrá stefnumótunarfundar og vinnufundar stjórnar sem haldinn verður í janúar.
- Stjórn samþykkir samning um söfnun og meðhöndlun olíu eins og hann er framlagður.
- Undanþágubeiðni Pure North Recycling er hafnað.
- Stjórn samþykkir að framlengja undanþágubeiðni vegna ökutækja til og með 31. janúar nk.
- Stjórn samþykkir fundargerð 353. fundar.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

Daníel Gunnarsson bætist í hóp fundarmanna

1. Staða einstakra sjóða

Farið er yfir stöðu einstakra sjóða. Á síðasta fundi var spurt um hvort greitt væri fyrir urðun, staðfest var að ekkert hefði verið greitt fyrir urðun sem ráðstöfun frá árinu 2021. Sýndir voru sjóðir þar sem sveiflur eru nokkrar, hreyfingar litlar eða um önnur frávik er að ræða. Einnig er rætt um fjárstýringu og ávöxtun sjóða.

Daníel Gunnarsson vikur af fundi

2. Áhættugreining, staða

Farið yfir stöðu áhættugreiningar og gerð grein fyrir þeirri vinnu sem áætluð er næstu vikur.

B. Til samþykktar:

3. Ársreikningur og ársskýrsla 2022

Ekki er hefð fyrir því að ársreikningar ríkisstofnanna annarra en Alþingis og Umboðsmanns Alþingis séu endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Stjórnarmenn vilja þó kanna hvort breyta eigi framkvæmd varðandi ársreikninga Úrvinnslusjóðs til framtíðar þá með tilliti til eðlis starfsemi sjóðsins þ.e. það að hann haldi utan um verulegar fjárhæðir. Skrifstofu Úrvinnslusjóðs er falið að kanna möguleika á að ársreikningur vegna 2023 verði skoðaður og áritaður af endurskoðanda.

Ársreikningur 2022 er samþykktur.

4. Stefnumótun, vinnufundur stjórnar 2024

Lögð er fram tillaga um dagskrá vinnufundar stjórnar.

Fundinn muni sitja stjórnarmenn, aðal- og vara auk starfsmanna Úrvinnslusjóðs.

Tillaga er samþykkt.

5. Olíusamningur

Lögð eru fyrir uppfærð samningsdrög til samþykktar. Samningur er samþykktur.

Guðlaugur Gylfi Sverrisson bættist í hóp fundarmanna.

6. Erindi frá PNR

Fyrir fundinum liggur erindi PNR þar sem óskað er undanþágu frá verklagi við útgreiðslu endurgjalds. Óskað er eftir að greitt verði fyrir framleiddar plastperlur sem geymdar eru á lager PNR í stað þess að greitt verði við afhendingu efnis til kaupanda. Slík undanþága var gefin tímabundið vegna þverrandi eftirspurnar eftir efni á covid tíma. Undanþágan rann út í byrjun árs 2023. Ástæða beiðni nú er til að bregðast við sveiflum í eftirspurn efnis. Fram kemur á fundi að allir þjónustuaðilar þurfi að þola sveiflur á markaði bæði hvað varðar verð og eftirspurn efnis, hér er því ekki um neina sérstöðu PNR að ræða. Auk þess myndi undanþága gera Úrvinnslusjóði erfiðara fyrir að staðfesta afdrif úrgangs þ.e. þeirrar vöru sem Úrvinnslusjóður greiðir fyrir.

Undanþágubeiðni er hafnað.

7. Meðhöndlun ökutækja

Sagt er frá stöðu í meðhöndlun úr sér genginna ökutækja og hvað þurfi til að koma til þess að innlend úrvinnsla uppfylli þau lagaskilyrði, um hlutfall endurvinnslu, endurnýtingu og skýrslugjöf, sem taka gildi um næstu áramót.

Lagt er til að framlengd verði undanþága til 31. janúar 2023. Þjónustuaðilum verði gefin frestur til þess tíma til að gera grein fyrir hvort og þá hvernig þeir uppfylli lagaskilyrði. Ef þeir gera það ekki hverju það sæti og hvað þurfi að koma til, hvernig þeir hyggist vinna að úrbótum og hvaða áhrif það muni hafa á starfsemi þeirra ef undanþága verði ekki framlengd umfram þann tíma. Einnig verði kallað eftir sjónarmiðum annarra hagaðila, ef við á.

Guðlaugur Gylfi Sverrisson vék af fundi.

C. Fundargerð lögð fram til samþykktar og undirritunar

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 16. janúar kl. 13.00
Fundi slitið 16.28